

Tillögur Íshökkíþing 2021

Við óskum eftir umræðu og kosningu um eftirfarandi tillögur (hverja fyrir sig) á Íshökkíþingi í maí 2021. Tillögurnar verði kynntar í fundarboði og teknar til efnislegrar umfjöllunar á Íshökkíþingi eins og dagskrá kveður á um samkvæmt lögum ÍHÍ.

Ef tillögurnar verða samþykktar verði þær undirbúnar í vor/sumar og teknar til framkvæmda á komandi keppnistímabili 2021-2022.

Tillaga 1

Breytt mótahald í U12, U10 og U8 frá og með tímabilinu 2021-2022

- U8/U10 verði með sér mót.
- U12 verði með sér mót.


Rökstuðningur:

Yngri flokka mótin eru orðin of stór og félögin eru enn að vaxa. Fyrir Covid var orðið mjög flókið og erfitt að setja upp mótaskrá fyrir þessi mót án þess að spila fram á kvöld á laugardegi. Með því að skipta upp mótunum er dagskráin léttari og um leið meira svigrúm til að gera eitthvað félagslegt með krökkunum - gera enn skemmtilegri ferðir og helgarmót. Það hefur verið góð reynsla af þessu fyrirkomulagi í vetur.

Það er líka mikill munur á aldri og þroska á elstu og yngstu krökkunum á sameiginlegu móti U12 og U10/U8 - 12 ára og niður í 6 ára. Samkvæmt [viðmiðum ÍSÍ](#) er mikill munur á þörfum og áherslum í mótum og keppni hjá þessum aldurshópum:

Aldur	Keppni, verðlaun og viðurkenningar
9-10	<ul style="list-style-type: none">• Keppni ekki markmið• Áhersla á að keppni fari fram í nærumhverfi• Lögð áhersla á liðakeppni• Allir fái tækifæri óháð getu• Úrslit skipta ekki máli• Allir fái jafna viðurkenningu
11-12	<ul style="list-style-type: none">• Allir fái tækifæri miðað við getu• Lið vinni til verðlauna, áhersla á liðsheild• Einstaklingar vinni til verðlauna• Leyfilegt að krýna Íslandsmeistara, einstakling eða lið

Samkvæmt [tölfræði ÍSÍ](#) yfir íshökkíðkendur árið 2019 má sjá að flestir æfa við 10 ára aldur. Fjöldinn hrapar hratt niður við 11 ára aldur og liggur svo niður á við eftir það. Með því að leggja áherslu á 11 og 12 ára íshökkíðkendur (U12) með sér móti þar sem lögð er sérstök áhersla á félagslega þáttinn er hægt að reyna að sporna við þessari þróun strax á fyrsta ári.



Tillaga 2

Fækkun móta yngri flokka í eitt á hvert félag frá og með tímabilinu 2021-2022

- U8/U10 verði með þrjú helgarmót, eitt hjá hverju félagi.
- U12 verði með þrjú helgarmót, eitt hjá hverju félagi.
- U14 verði með þrjú helgarmót, eitt hjá hverju félagi.

Rökstuðningur:

Með því að skipta upp barnamótunum eins og tillaga 1 leggur til verða fleiri mót á hvert félag. Í U16 og upp í meistaraflokka er þetta fyrirkomulag við lýði að félögin spila jafn oft á heimavelli og útivelli. Það ætti að vera eins í U14 og yngri. Í staðinn er hægt að gera meira úr hverju móti og umgjörð.

Tillaga 3

Stofna nefnd á vegum ÍHÍ sem yfirfer og uppfærir keppnisfyrirkomulag yngri flokka (U14 og yngri) fyrir tímabilið 2021-2022. Nefndin yrði skipuð yfirþjálfurum félaganna og fulltrúum barnastarfs úr stjórn. Nýr íþróttastjóri/þróunarstjóri yrði formaður nefndarinnar eða til vara framkvæmdastjóri ÍHÍ.

Rökstuðningur:

- Lagt til að nýr íþróttastjóri/þróunarstjóri ÍHÍ leiði nefndina. Til vara framkvæmdastjóri ÍHÍ.
- Nefndin verði skipuð yfirþjálfurum allra félaganna - þeir hafi bakgrunn, reynslu og þekkingu úr mismunandi löndum.
- Að auki verði einn fulltrúi barnastarfs úr stjórn hvers aðildarfélags.
- Starf nefndarinnar er að uppfæra keppnisfyrirkomulag í takt við tíma, stefnur og strauma erlendis með því markmiði að skila okkur fleiri og betri leikmönnum upp í meistaraflokka og landslið.
- Nefndin skili af sér tillögum í byrjun sumars og endurskoðað fyrirkomulag verðið tekið upp tímabilið 2021-2022.
- Samhliða starfi nefndarinnar verði handbók ÍHÍ um mótahald yngri flokka uppfærð.
- Lagt er til að nefndin starfi áfram og komi saman einu sinni á hverju tímabili, í lok þess, til að fara yfir reynslu af yfirstandandi tímabili og geri breytingur á því næsta ef þess þarf.

Tillaga 4

Koma á fót sameiginlegum stöðufundum ÍHÍ með aðildarfélögum þremur að lágmarki tvisvar á ári.

- 2-3 fulltrúar hvers félags ásamt stjórn ÍHÍ og framkvæmdastjóra.
- Einn fundur á fyrriparti hverrar annar.

Rökstuðningur

- Fundirnir haldnir til að auka samtal, samstarf og samstöðu innan hreyfingarinnar. Íþróttin er í erfiðu samkeppnisumhverfi við aðrar íþróttir og ÍSÍ og hefur aukið afreksstuðning við okkar hreyfingu og þess vegna er reglubundið samtal aðildarfélaga og ÍHÍ nauðsynlegt.

Tillaga 5

U18 landsliði kvenna verði formlega stofnað fyrir tímabilið 2021-2022 og það verði með sambærilegri umgjörð og U18 karla bæði í æfingum og keppni.

- Ráðinn verði landsliðsþjálfari.
- Umgjörð í kringum liðið búin til og horft verði til jafnréttis þeirri vinnu.

Rökstuðningur:

- Mikilvægt skref í að efla kvennaíshokki á Íslandi svo yngri leikmann hafi þrep til að stíga upp í á leið sinni í A-landslið kvenna.

Tillaga 6

Breyting á 10 gr. reglugerðar nr. 7, „Reglugerð um mótanefnd“

Ákvörðun verði:

„Ákvörðun um hvort leikur skal fara fram byggist á litakerfi Veðurstofunnar. Ef veður á leið á keppnisstað eða á leið til baka frá keppnisstað (í öðrum landshluta) er appelsínugult eða rautt samkvæmt viðvörðunarkerfi Veðurstofunnar þá hafi félag sem á að ferðast rétt til þess fara fram á að leiknum verði fundinn nýr tími.“

Rökstuðningur:

- Það er mikilvægt að taka engar áhættur með ferðir í tvísýnum veðrum á milli landshluta.
- Félögin bera ábyrgð á leikmönnum sínum og þurfa að geta tekið ákvarðanir um að leggja þá ekki í óþarfa hættu án þess að eiga hættu á þungum sektargreiðslum.
- Litakerfi veðurstofunnar
https://www.vedur.is/media/frettir-myndasafn-2017/arhrifafylki_vefur.pdf

Tillaga 7

Ferðir milli landshluta verði tvíhöfðar minnst einu sinni á tímabili á Íslandsmótum U16 og upp í meistaraflokka frá og með tímabilinu 2021-2022.

Rökstuðningur:

- Hagstæðara fyrir félögin.
- Félagslega skemmtilegra fyrir liðið.
- Minna andlegt álag og minni ferðaspenna.
- Minna kolefnisspor hreyfingarinnar.

Tillaga 8

Breytingar á reglugerð nr. 8 - „Reglugerð um aganefnd“

Fyrsta greinin verði eftir breytingu:

Stjórn ÍHÍ skipar aganefnd. Nefndin skal skipuð þremur aðilum og tveimur til vara. **Eitt sæti í nefndinni skal skipað erlendum dómara.** Nefndina skal skipa innan við mánaðar frá Íshökkíþingi.

Rökstuðningur:

Viðkomandi dómari þarf ekki að vera staðsettur á Íslandi heldur gæti aganefnd tekið fundi í gegnum fjarfundarbúnað þegar mál koma inn á borð aganefndar. Mikilvægt að fá inn í aganefnd hlutlausan aðila með reynslu af dómaraströfum erlendis og með annað sjónarhorn á atvik sem oft á tíðum eru umdeild. Þetta gæti aukið traust á ströfum aganefndar og gert íþróttina betri.

Tillaga 9

Greiðslufyrirkomulag á dómgæslu fari í gegnum ÍHÍ.

Rökstuðningur:

- Tryggingamál dómara sé samningsbundin og samræmd fyrir deildina.
- Skilvirkara ut anumhald, ÍHÍ skipuleggur dómaraströf og heldur einnig utan um greiðslur til þeirra.
- Samningar um launakjör til dómara séu hjá ÍHÍ.

Tillaga 10

Í landsliðsferðum á vegum ÍHÍ verði foreldrar leikmanna ekki í starfsliði viðkomandi landsliðs.

Rökstuðningur:

Það er mikilvægt að allir leikmenn sitji við sama borð þegar kemur að aðgangi að starfsliði landsliða. Drögum úr togstreitu inna leikmannahópsins.

Tillaga 11

Félögin fá tækifæri til að koma með athugasemdir við mótaskrá fyrir lok maí.

Rökstuðningur:

- Mótaskrá hefur verið gefin út í júlí undanfarin ár þegar flestir eru í sumarfrí og erfitt er að safna saman stjórnnum og þjálfurum til þess að yfirfara mótaskrá.
- Ef gildar ástæður eru fyrir því að ekki sé hægt að gefa út mótaskrá fyrr en í júlí þá sé gefin út mótaskrá fyrri helmings tímabilsins (ágú-des) í maí og seinni helmingurinn (jan-maí) í ágúst.
- Gæði mótsins verður betri með því að hafa mótaskrá tilbúna fyrr.
- Undirbúningur félaganna fyrir tímabilið verður betri og markvissari.

Tillaga 12

Keppt verði í öllum U flokkum á hverju tímabili - U8, U10, U12, U14, U16, U18 og U20 - svo lengi sem tvö félög sendi lið til keppni í hverjum flokki.

Rökstuðningur:

- Að allir iðkendur félaganna fá jafningjaleiki.
- Þetta fyrirkomulag er nú þegar við lýði í yngri U flokkum.
- Er sérstaklega mikilvægt í U18 og U20 þar sem við erum með landslið í þeim aldurshópum.
- Meiri áhætta á brottfalli leikmanna vegna mun á líkamlegu atgervi og andlegu þroska ef þeir þurfa t.d. að fara beint úr U18 í meistaraflokk án þess að vera tilbúnir.